

VESTFIRÐIR

Stöðugreining 2019





20.03.2020

Ritstjórn: Laufey Kristín Skúladóttir.

Aðrir höfundar efnis: Sigurður Árnason, Jóhannes Finnur Halldórsson, Einar Örn Hreinsson, Anna Lea Gestsdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Sigríður Þorgrímsdóttir, Anna Lilja Pétursdóttir og Snorri Björn Sigurðsson.

ISBN: 978-9935-9503-4-5



BYGGÐASTOFNUN

Vestfirðir

Stöðugreining 2019

Efnisyfirlit

Inngangur.....	6	5.3 Orkukostnaður.....	27
1. Vestfirðir, staðhættir og sérkenni.....	7	5.4 Opinber störf.....	28
1.1 Um svæðið.....	7	6. Önnur þjónusta.....	30
1.2 Íbúabéttleiki.....	8	6.1 Verslun.....	30
1.3 Mannfjöldapróun.....	9	6.2 Ýmis þjónusta.....	31
1.4 Mannfjöldapróun eftir sveitarfélögum, dreifbýli og þéttbýli.....	10	6.3 Ferðaþjónusta.....	31
1.5 Aldursdreifing og kynjaskipting.....	12	7. Landbúnaður.....	34
1.6 Flutningsjöfnuður og náttúruleg fjölgun.....	13	7.1 Kjötframleiðsla.....	34
1.7 Brothættar byggðir.....	14	7.2 Fjöldi búpenings.....	34
2. Menntun.....	15	7.3 Fjöldi bóa.....	35
3. Efnahagspróun.....	17	7.4 Greiðslumark.....	35
3.1 Tekjur.....	17	7.5 Mjólkurstöðvar og sláturhús.....	37
3.2 Atvinnuleysi og atvinnuþátttaka.....	18	8. Sjávarútvegur.....	38
3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur.....	18	8.1 Fiskveiðar.....	38
3.4 Fasteignaverð.....	19	8.2 Uppsjávarafli.....	39
4. Samgöngur.....	21	8.3 Úthlutaðar aflaheimildir.....	40
4.1 Vegir, hafnir og flugvelliir.....	21	9. Stoðkerfi.....	41
4.2 Almennings-samgöngur.....	22	9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar.....	41
4.3 Vinnusóknarsvæði og fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða.....	23	9.2 Sóknaráætlun.....	42
4.4 Gagnaflutningar.....	24		
5. Opinber þjónusta.....	26		
5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla.....	26		
5.2 Löggæsla, sýslumaður og héraðsdómur.....	26		

Myndayfirlit

Mynd 1 Vestfirðir	7
Mynd 2 Skipting mannfjöldans á svæði 2019	8
Mynd 3 Íbúafjöldi Vestfjarða á ferkílómetra 2019	8
Mynd 4 Íbúafjöldi á ferkílómetra eftir landshlutum	9
Mynd 5 Breyting á íbúafjölda Vestfjarða í samanburði við landið allt 1998-2019	9
Mynd 6 Vestfirðir, hlutfall af íbúum landsins	10
Mynd 7 Þróun íbúafjölda eftir kyni á Vestfjörðum	10
Mynd 8 Þróun hlutfalls erlendra ríkisborgara á Vestfjörðum eftir svæðum 1998-2018	10
Mynd 9 Breyting á fjölda íbúa helstu þéttbýlisstaða á Vestfjörðum 1998-2019	11
Mynd 10 Breyting á fjölda íbúa minna þéttbýlis og dreifbýlis á Vestfjörðum 1998-2019 eftir sveitarfélögum	11
Mynd 11 Þróun aldursdreifingar karla á Vestfjörðum 1998-2019	12
Mynd 12 Þróun aldursdreifingar kvenna á Vestfjörðum 1998-2019	12
Mynd 13 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á Vestfjörðum 1998-2019	12
Mynd 14 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla eftir sveitarfélögum á Vestfjörðum árið 2019	13
Mynd 15 Flutningsjöfnuður á Vestfjörðum 1998-2018	13
Mynd 16 Flutningsjöfnuður á Vestfjörðum 1998-2018 eftir sveitarfélögum	13
Mynd 17 Fæðinga- og dánartíðni á Vestfjörðum 1998-2017	14
Mynd 18 Náttúruleg fjölgun á Vestfjörðum 2008-2017 eftir sveitarfélögum ...	14
Mynd 19 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára 2018	15
Mynd 20 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára á Vestfjörðum 2018	15
Mynd 21 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna 25-64 ára 2018	16
Mynd 22 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna á Vestfjörðum 25-64 ára 2018	16
Mynd 23 Útvarsstofn á mann á Vestfjörðum 2008-2017 á verðlagi ársins 2017	17
Mynd 24 Fjármagnstekjur á mann á Vestfjörðum 2008-2016 á verðlagi ársins 2017	17

Mynd 25 Atvinnutekjur á mann á Vestfjörðum 2008-2017 á verðlagi ársins 2017	17
Mynd 26 Atvinnuleysi karla á Vestfjörðum ágúst 2008 til maí 2019	18
Mynd 27 Atvinnuleysi kvenna á Vestfjörðum ágúst 2008 til maí 2019	18
Mynd 28 Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga á 1.000 íbúa 2008-2018	19
Mynd 29 Meðaltal f.mats íbúðarhúsnæðis á Vestfjörðum 2014 - 2018	19
Mynd 30 Eigendur íbúðarhúsnæðis á Vestfjörðum árið 2017	20
Mynd 31 Lögheimili eigenda íbúða á Vestfjörðum 2017	20
Mynd 32 Sumarhús eftir sveitarfélögum á Vestfjörðum 1995 – 2018	20
Mynd 33 Helstu vegir á Vestfjörðum	21
Mynd 34 Grunnnet samgangna	21
Mynd 35 Hafnir á Vestfjörðum	22
Mynd 36 Strætisvagnakerfi Ísafjarðarbæjar	23
Mynd 37 Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða	24
Mynd 38 Snjómokstursreglur á Vestfjörðum 2019	24
Mynd 39 Aðgengi að næstu kynslóðar netum í ársbyrjun 2019	25
Mynd 40 Sjúkrahús og heilsugæsla á Vestfjörðum 2018	26
Mynd 41 Umdæmi og aðsetur sýslumanns, héraðsdóms og lögreglu 2019 ...	26
Mynd 42 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu	27
Mynd 43 Þróun orkukostnaðar á Vestfjörðum í dreifbýli og á nokkrum þéttbýlisstöðum 2014-2018	28
Mynd 44 Dagvöruverslanir á Vestfjörðum	30
Mynd 45 Þjónustusókn á Vestfjörðum	31
Mynd 46 Gistinætur á Vestfjörðum 2008 – 2018 eftir svæðum	32
Mynd 47 Gistinætur á Vestfjörðum eftir mánuðum 2018	32
Mynd 48 Gistinætur á Vestfjörðum eftir þjóðerni 2012	32
Mynd 49 Gistinætur á Vestfjörðum eftir þjóðerni 2018	33
Mynd 50 Gistinætur eftir landshlutum 2012 og 2018	33
Mynd 51 Hlutdeild landshluta í gistingu 2008 – 2018	33
Mynd 52 Kjötframléiðsla á Íslandi eftir tegundum frá 1998-2018	34
Mynd 53 Greiðslumark sauðfjár á Íslandi 2018	35
Mynd 54 Greiðslumark sauðfjár á Vestfjörðum 2018	36
Mynd 55 Greiðslumark mjólkur á Íslandi 2018	36
Mynd 56 Greiðslumark mjólkur á Vestfjörðum 2018	37
Mynd 57 Mjólkurstöðvar og sláturhús á Vestfjörðum 2019	37

Mynd 58 Afli í öðrum tegundum en uppsjávarfiski á helstu löndunarhöfnum á Vestfjörðum.....	38
Mynd 59 Ráðstöfun afla á Vestfjörðum	39
Mynd 60 Afli í uppsjávartegundum á Vestfjörðum	39
Mynd 61 Ráðstöfun uppsjávarafla á Vestfjörðum.....	39
Mynd 62 Úthlutaðar aflaheimildir á Vestfjörðum.....	40
Mynd 63 Úthlutað þorskígildi m. v. heimahöfn skipa á Vestfjörðum eftir stöðum án uppsjávartegunda	40
Mynd 64 Skipurit Vestfjarðastofu	42

Töfluyfirlit

Tafla 1 Íbúafjöldi sveitarfélaga Vestfjarða 1998-2019	9
Tafla 2 Íbúafjöldi eftir sveitarfélögum, þéttbýlisstöðum og dreifbýli árin 1998-2019	11
Tafla 3 Hæð fjallvega	22
Tafla 4 Vegalengdir á Vestfjörðum 2019	23
Tafla 5 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu	27
Tafla 6 Orkukostnaður heimila á Vestfjörðum í dreifbýli og á nokkrum þéttbýlisstöðum	28
Tafla 7 Opinber störf hjá ríki niður á landshluta 31.12 2018.....	28
Tafla 8 Opinber ríkisstörf í landshlutanum.....	29
Tafla 9 Þróun og kynjaskipting starfa hjá sveitarfélögum í landshlutanum	29
Tafla 10 Opinber störf hjá ríki og sveitarfélögum í landshlutanum	29
Tafla 11 Dagvöruverslanir á Vestfjörðum eftir sveitarfélögum 2019	31
Tafla 12 Þróun á fjölda búpenings í landshlutanum	35
Tafla 13 Fjöldi bóa á Vestfjörðum og á landinu öllu 2009-2017	35
Tafla 14 Landaður afli í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir höfnum á Vestfjörðum.....	38

Inngangur

Stöðugreining landshluta 2019 er uppfærsla á Stöðugreiningu 2014 með nokkrum viðbótum og breytingum. Í stöðugreiningunni er leitast við að lýsa stöðu helstu þátta landshlutans er lúta að lífsgæðum og aðstæðum til búsetu. Leitast er við að setja efni fram á myndrænan hátt með stuttum og lýsandi texta þannig að yfirsýn fái fljótt og að tengja efnið við bakgrunnsgögn fyrir þá sem vilja kynna sér efnið betur.

Stöðugreiningin er lýsing á stöðu hvers landshluta fyrir sig. Einskonar ljósmynd af stöðunni eins og hún birtist núna. Stöðugreining 2019 er uppflettirit, samantekt, aðgengileg á heimasíðu Byggðastofnunar, með öllum þeim tenglum við bakgrunnsgögn sem í því er að finna. Greiningin verður ekki gefin út á pappír.

Í stöðugreiningunum er leitast við að nota nýjustu gögn sem völ er á. Mikið af gögnunum sem greiningin byggir á eru fengin frá Hagstofu Íslands, bæði opin gögn og gögn fengin með sérvinnslu. Einnig er notast við gögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þjóðskrá ásamt öðrum fagstofnunum líkt og Fiskistofu, Matvælastofnun og Ríkisskattstjóra.

Breyting er á framsetningu einstakra kafla frá stöðugreiningunni 2014 í takt við þá þróun sem orðið hefur. Uppbygging stöðugreininganna er eins fyrir alla landshluta og byggja á sambærilegum gögnum. Þar sem um rafræna útgáfu er að ræða er möguleiki á að uppfæra einstaka kafla og það verður gert ef nýjar upplýsingar gefa tilefni til. Á Byggðastofnun er unnið að rafrænum gagnagrunni um byggðamál þar sem gögn verða uppfærð og gerð aðgengileg á netinu. Uppfærsla einstakra kafla stöðugreininga tengist þeirri vinnu.

Þess er vænst að þessi samantekt gagnist sveitarfélögum og landshlutum við stefnumótun og öðrum sem láta sig byggðapróun í landinu varða á lands- og landshlutavísu og sveitarstjórnarstigi.

Laufey Kristín Skúladóttir

1. Vestfirðir, staðhættir og sérkenni

1.1 Um svæðið

Svæði sóknaráætlunar Vestfjarða nær yfir svæðið frá botni Gilsfjarðar í suðri vestur og norður um alla Vestfirði og suður Strandir að Stikuhálsi milli Bitrufjarðar og Hrútafjarðar. Sóknaráætlunarsvæði Vestfjarða er samfallandi svæði Fjórðungssambands Vestfjarða og Vestfjarðastofu. Á svæðinu bjuggu ríflega 7.000 manns þann 1. janúar 2019 sem skiptast niður á níu sveitarfélög. Fjölmennast var Ísafjarðarbær með 3.800 íbúa en fámennastur var Árneshreppur með 40 íbúa. Önnur sveitarfélög á svæðinu eru Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurbær, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð.



Mynd 1 Vestfirðir

¹ Vífill Karlsson, [Deigla: rit atvinnuþróunarfélaganna, Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna tbl.1 2019](#)

Vestfirðir hafa í gegnum tíðina byggt mikið á sjávarútvegi. Með auknu fiskeldi á svæðinu, sérstaklega á suður- og norðursvæði eru vonir bundnar við að til sé að verða ný stoð undir atvinnulíf svæðisins. Það hefur aukið bjartsýni á þeim svæðum. Strandir og Reykhólahreppur eiga hins vegar meira undir högg að sækja. Í nýlegri könnun¹ meðal fyrirtækja sem starfa á landsbyggðinni segir í niðurstöðukafla um Vestfirði:

„Styrkleikar Vestfjarða fólust helst í hug þeirra til að fjölga menntuðum á vinnumarkaði, sem var hvergi meiri. Á N-Vestfjörðum var mest þörfin fyrir vinnuafli með sérstaka færni en á S-Vestfjörðum voru allnokkur viðskipti við ferðaþjónustufyrirtæki.“

Hlutur skapandi greina mældist hæstur á Vestfjörðum og þá sérstaklega á N-Vestfjörðum.

Þá voru væntingar um auknar tekjur fyrirtækjanna á næsta rekstrarári mestar á S-Vestfjörðum og N-Vestfirðir höfnuðu þar í þriðja sæti. Þar var útlitið verst að þessu leyti fyrir Strandir og Reykhóla og hverfum nú yfir í veikleikana.

Strandir og Reykhólar koma oft illa út í samanburði landsvæða. Það á við varðandi fjölgun eða fækkun starfsfólks, fjárfestingar, afkomu til skemmri tíma og væntingar um tekjuþróun fyrirtækjanna.

Þá var afkoman til skemmri tíma einnig slæm á S-Vestfjörðum sem og þörfin fyrir vinnuafli með ákveðna færni sem var með allra minnsta móti. Þar fór einnig óvenju lítið fyrir skapandi greinum. Almennu voru fyrirtæki á Vestfjörðum svartsýnust þegar spurt var um horfur í efnahagslífinu.“

Í þjónustukönnun² sem gefin var út á árinu 2018 kemur fram að:

„Þjónustusókn þátttakenda á Vestfjörðum var mismunandi eftir búsetusvæðum. Þátttakendur á norðanverðum Vestfjörðum sóttu meirihluta þjónustunnar til

² Sigríður Elín Þórðardóttir, [Þjónustukönnun Vestfirðir](#).

þjónustuaðila á búsetusvæðinu en þeir sóttu um 15% þjónustunnar til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu.

Hins vegar sóttu þátttakendur á Ströndum meirihluta þjónustunnar til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu en rúmlega þriðjung þjónustunnar til þjónustuaðila á búsetusvæðinu.

Þátttakendur í Vesturbyggð og á Tálknafirði sóttu tæplega helming þjónustunnar til þjónustuaðila á búsetusvæðinu og um 37% til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu.

Þjónustusókn þátttakenda í Reykhólahreppi var hlutfallslega mest til höfuðborgarsvæðisins en þangað sóttu þeir um 45% þjónustunnar en einnig sóttu þeir þjónustu til Hólmavíkur, Búðardals og Borgarness. Þar sem þátttakendur á búsetusvæðinu sóttu aðeins fimm þjónustuþætti af 48 sem spurt var til þjónustuaðila á búsetusvæðinu var þjónustusóknin í heildina innan við 1% en ekki var tekið tillit til tíðni notkunar við greiningu á þjónustusókn.


Þátttakendur á Ströndum voru líklegri en þátttakendur frá öðrum búsetusvæðum á Vestfjörðum til að gefa þjónustunni í sínu sveitarfélagi ágætiseinkunn.“

1.2 Íbúapéttleiki

Vestfjörðum er skipt niður í fjögur svæði, þau eru: Sunnanverðir Vestfirðir með Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp, norðanverðir Vestfirðir með Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhrepp, Strandir með Árneshrepp, Kaldrananeshrepp og Strandabyggð og svo Reykhólahreppur.


Ríflega tveir af hverjum þremur íbúum Vestfjarða búa á norðanverðum fjörðunum. Um 18% eru á sunnanverðum fjörðunum, 8% á Ströndum og tæplega 4% í Reykhólahreppi.

Vestfirðir eru með 0,8 íbúa á hvern ferkílómetra og eru aðeins Austurland og Norðurland vestra strjálbýlla. Norðanverðir Vestfirðir teljast þéttbýlastir með um 1,5 íbúa á ferkílómetra á meðan aðeins um 0,2 íbúar eru á ferkílómetra á Ströndum og ríflega 0,2 íbúa í Reykhólahreppi. Til samanburðar voru um 218 íbúar á ferkílómetra á höfuðborgarsvæðinu og 33 á Suðurnesjum.




Mynd 2 Skipting mannfjöldans á svæði 2019

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 3 Íbúafjöldi Vestfjarða á ferkílómetra 2019

Heimild: Hagstofa Íslands og Byggðastofnun



Mynd 4 Íbúafjöldi á ferkílómetra eftir landshlutum

Heimild: Hagstofa Íslands og Bygðastofnun

1.3 Mannfjöldapróun

Íbúum á Vestfjörðum fækkaði um 1.493 frá 1. janúar 1998 til 1. janúar 2019 eða um rúmlega 17%. Íbúum fækkaði í öllum sveitarfélögum og öllum þéttbýlisstöðum í landshlutanum. Mest fækkaði í Ísafjarðarbæ um ríflega 620 manns. Fækkunin í Vesturbyggð var 256 manns, 190 manns í Strandabyggð og 140 manns í Bolungarvík.


Fækkunin í Tálknafjarðarhreppi, Súðavíkurhreppi og Reykhólahreppi nam um 67-77 manns og í fámennustu sveitarfélögunum, Árneshreppi og Kaldrananeshreppi fækkaði um 30-40 manns í hvoru fyrir sig.

Tafla 1 Íbúafjöldi sveitarfélaga Vestfjarða 1998-2019

	1998	2001	2004	2007	2010	2013	2016	2019	Breyting
Reykhólahreppur	335	311	279	255	291	280	267	258	-77
Tálknafjarðarhreppur	327	367	346	293	299	293	267	258	-69
Vesturbyggð	1.254	1.162	1.073	939	935	941	1.013	998	-256
Bolungarvík	1.093	997	944	902	970	918	904	953	-140
Ísafjarðarbær	4.423	4.224	4.139	4.090	3.899	3.748	3.623	3.800	-623
Súðavíkurhreppur	271	234	228	225	202	179	184	204	-67
Árneshreppur	72	60	56	49	50	54	55	40	-32
Kaldrananeshreppur	142	131	127	101	112	100	103	103	-39
Strandabyggð	639	573	544	507	508	518	467	449	-190
Samtals	8.556	8.059	7.736	7.361	7.266	7.031	6.883	7.063	-1.493

Heimild: Hagstofa Íslands

Á sama tíma fjölgaði landsmönnum um ríflega 30% það þýðir að íbúar Vestfjarða sem hlutfall af íbúum landsins lækkaði. Í upphafi árs 1998 voru þeir 3,1% en voru líðlega 2,0% í upphafi árs 2019.




Mynd 5 Breyting á íbúafjölda Vestfjarða í samanburði við landið allt 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands


Karlar voru 254 fleiri en konur í ársbyrjun 1998. Munurinn fór niður fyrir 200 næstu ár en á árunum 2007-2010 jókst hann á ný, fór aftur niður en árin 2017 og 2018 jókst hann enn á ný.

Þessi þróun helst í hendur við fjölgun erlendra ríkisborgara á suður- og norðursvæði Vestfjarða þar sem að fjölgun karla umfram konur er á sömu tímabilum og aukning í hlutfalli erlendra ríkisborgara búsettra á svæðinu.




Mynd 6 Vestfirðir, hlutfall af íbúum landsins

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 8 Þróun hlutfalls erlendra ríkisborgara á Vestfirðum eftir svæðum 1998-2018

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 7 Þróun íbúafjölda eftir kyni á Vestfirðum

Heimild: Hagstofa Íslands

1.4 Mannfjöldapróun eftir sveitarfélögum, dreifbýli og þéttbýli


Eins og áður segir fækkaði íbúum í öllum sveitarfélögum, öllum þéttbýliskjörnum á Vestfirðum og í dreifbýli allra sveitarfélaga á Vestfirðum á síðustu 20 árum. Allra síðustu ár má þó merkja viðsnúning sumrs staðar á svæðinu, t.d. á Ísafirði og í Bolungarvík.

Í töflu 2 er þróunin á svæðinu greind niður eftir sveitarfélögum, þéttbýlisstöðum og dreifbýli innan hvers sveitarfélags.


Tafla 2 Íbúafjöldi eftir sveitarfélögum, þéttbýlisstöðum og dreifbýli árin 1998-2019

	1998	2001	2004	2007	2010	2013	2016	2019	breyting	breyting
Reykholahreppur	335	311	279	255	291	280	267	258	-77	-23,0%
Reykhólar	136	121	121	119	131	133	135	120	-16	-11,8%
dreifbýli	199	190	158	136	160	147	132	138	-61	-30,7%
Vesturbyggð	1.254	1.162	1.073	939	935	941	1.013	998	-256	-20,4%
Pareksfjörður	777	730	701	638	640	651	683	675	-102	-13,1%
Bildudalur	285	262	233	183	187	170	207	208	-77	-27,0%
dreifbýli	192	170	139	118	108	120	123	115	-77	-40,1%
Tálknafjarðarhreppur	327	367	346	293	299	293	267	258	-69	-21,1%
Bolungarvík	1.093	997	944	902	970	918	904	953	-140	-12,8%
Ísafjarðarbær	4.423	4.224	4.139	4.090	3.899	3.748	3.623	3.800	-623	-14,1%
Þingeyri	359	333	330	320	263	262	237	246	-113	-31,5%
Flateyri	290	294	307	337	250	199	187	201	-89	-30,7%
Suðureyri	282	338	331	299	317	264	268	264	-18	-6,4%
Hnífsdalur	314	294	268	255	242	216	209	221	-93	-29,6%
Ísafjörður	2.997	2.781	2.747	2.734	2.677	2.624	2.559	2.706	-291	-9,7%
dreifbýli	181	184	156	145	150	183	163	162	-19	-10,5%
Súðavíkurhreppur	271	234	228	225	202	179	184	204	-67	-24,7%
Súðavík	220	190	191	194	170	145	151	168	-52	-23,6%
dreifbýli	51	44	37	31	32	34	33	36	-15	-29,4%
Árneshreppur	72	60	56	49	50	54	55	40	-32	-44,4%
Kaldrananeshreppur	142	131	127	101	112	100	103	103	-39	-27,5%
Drangsnæs	103	97	88	65	72	69	73	72	-31	-30,1%
dreifbýli	39	34	39	36	40	31	30	31	-8	-20,5%
Strandabyggð	639	573	544	507	508	518	467	449	-190	-29,7%
Hólmavík	445	399	398	385	386	391	341	322	-123	-27,6%
dreifbýli	194	174	146	122	122	127	126	127	-67	-34,5%

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 9 Breyting á fjölda íbúa helstu þéttbýlisstaða á Vestfirðum 1998-2019




Mynd 10 Breyting á fjölda íbúa minna þéttbýlis og dreifbýlis á Vestfirðum 1998-2019 eftir sveitarfélögum

Heimild: Hagstofa Íslands

1.5 Aldursdreifing og kynjaskipting

Þrátt fyrir verulega fækkun íbúa síðastliðin 20 ár á Vestfjörðum hefur íbúum á Vestfjörðum sem eru 50 ára og eldri fjölgað verulega, sérstaklega 50-59 ára og 60-69 ára. Þetta hefur gerst á meðan íbúum í yngri aldurshópunum hefur fækkað verulega. Þetta á bæði við um karla og konur.


Allra síðustu ár hefur fólksfækkun í yngri aldurshópunum ýmist stöðvast og jafnvel snúist við. Greina má fjölgun meðal karla í aldurshópunum frá 20 ára til 49 ára en að fækkun kvenna í þessum aldurshópum hafi stöðvast.



Mynd 11 Þróun aldursdreifingar karla á Vestfjörðum 1998-2019


Heimild: Hagstofa Íslands

Fjöldi kvenna á hverja 100 karla hefur verið á bilinu 94-96 stærstan hluta tímabilsins frá 1998 en fóru niður í 92 konur á hverja 100 karla síðustu tvö ár. Ef horft er á fjölda kvenna á hverja 100 karla um síðustu áramót sést að fleiri konur en karlar búa í Kaldrananeshreppi og að kynjaskipting er jöfn í Árneshreppi. Í Tálknafjarðarhreppi eru hins vegar aðeins tæplega 77 konur á hverja 100 karla.




Mynd 12 Þróun aldursdreifingar kvenna á Vestfjörðum 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 13 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á Vestfjörðum 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 14 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla eftir sveitarfélögum á Vestfirðum árið 2019


Heimild: Hagstofa Íslands

1.6 Flutningsjöfnuður og náttúruleg fjölgun

Flutningsjöfnuður Vestfirðna var neikvæður næstum hvert ár frá 1998, þ.e. fleiri frá Vestfirðum en til Vestfirðna. Undantekningin frá þessu var hrunárið 2008 þegar flutningsjöfnuðurinn var núll, árið 2012 og síðan tvö síðustu ár.


Fleiri fluttu frá öllum sveitarfélögum Vestfirðna er til þeirra ef saman er tekið tímabilið 1998-2018 eins og fram kemur á mynd 1.6.2.

Á tímabilinu helmingaðist einnig fæðingartíðni í landshlutanum, fóru úr 140 árið 1998 niður í 70 árið 2017. Á sama tíma var dánartíðni tiltölulega stöðug. Þetta þýðir að náttúruleg fjölgun hefur dregist mikið saman og er í mörgum sveitarfélögum orðin hverfandi.




Mynd 15 Flutningsjöfnuður á Vestfirðum 1998-2018

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 16 Flutningsjöfnuður á Vestfirðum 1998-2018 eftir sveitarfélögum

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 17 Fæðinga- og dánartíðni á Vestfirðum 1998-2017

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 18 Náttúruleg fjölgun á Vestfirðum 2008-2017 eftir sveitarfélögum

Heimild: Hagstofa Íslands

1.7 Brothættar byggðir

Byggðastofnun hafði á árinu 2012 frumkvæði að tilraunaverkefni þar sem leitað var lausna á bráðum vanda Raufarhafnar. Verkefnið hefur síðan þá vaxið og fleiri byggðalög komið inn sem þátttakendur. Meginmarkmið verkefnisins að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið miðar að viðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaganna til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Í dag eru sjö byggðalög virkir þátttakendur í verkefninu. Verkefninu er lokið í fimm byggðalögum. Á Vestfirðum eru þrjú byggðarlög virkir þátttakendur í verkefninu í dag. Árneshreppur sem kom inn í verkefnið árið 2017, Þingeyri sem kom inn í verkefnið 2018 og Strandabyggð sem kom inn í verkefnið í byrjun árs 2020. Verkefnið í Bíldudal, Bíldudalur – samtal um framtíðina, hófst árið 2012 en því lauk árið 2016.

Verkefnið í Árneshreppi ber heitið Áfram Árneshreppur. Meginmarkmið verkefnisins eru: traustur landbúnað og sjávarútvegur, einstakt menningarlandslag og náttúra, öflugir innviðir og samheldið samfélag. Undir þessum fjórum meginmarkmiðum eru mælanleg starfsmarkmið (undirmarkmið) sem sett eru fram í verkefnislýsingunni.³ Verkefnisstjóri verkefnisins í Árneshreppi er Skúli Gautason. Þegar hefur styrkjum að upphæð fjórtán milljónir króna verið veitt til verkefna í byggðarlaginu, sjö milljónum á árinu 2018 og sjö milljónum á árinu 2019.


Verkefnið á Þingeyri ber heitið Öll vötn til Dýrafjarðar. Meginmarkmið verkefnisins eru: fjölskylduvænt samfélag, skapandi samfélag, umhverfisvæn útivistarparadís og framúrskarandi útvörður Ísafjarðarbæjar. Undir þessum fjórum meginmarkmiðum eru mælanleg starfsmarkmið sem sett eru fram í verkefnislýsingunni.⁴ Verkefnisstjóri verkefnisins á Þingeyri er Agnes Arnardóttir. Þegar hefur styrkjum að upphæð fjórtán milljónir króna verið veitt til verkefna í byggðarlaginu, sjö milljónum á árinu 2018 og sjö milljónum á árinu 2019.

³https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/Arneshr/markmid-og-framtidarsyn.pdf

⁴https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/Thingeyri/framtidar-syn-oll-votn-til-dyrafjardar-thingeyri2.pdf

2. Menntun

Hagstofa Íslands safnar gögnum um menntunarstig landsmanna á aldrinum 25-64 ára og eru þau unnin upp úr vinnumarkaðsrannsókn stofnunarinnar. Þau eru birt hér í fyrsta sinn í stöðugreiningum, en Byggðastofnun byggði í eldri stöðugreiningum á gögnum frá Capacent Gallup. Gögn Hagstofunnar sýna menntunarstig á árinu 2018.




Mynd 19 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Myndir 19 sýnir samanburð á starfssvæðum sóknaráætlana fyrir landið allt fyrir karla. Samanburðurinn sýnir að hlutfall karla sem er með grunnmenntun og starfsmenntun í framhaldsskóla eru í hærri kantinum í samanburði við aðra landshluta en þó ekki ósvipuð og t.d á Austurlandi og Suðurnesjum. Athygli vekur hins vegar hátt hlutfall bóknámi framhaldsskóla. Þegar kemur að grunnnámi í háskóla eru tölurnar í lægri kantinum og framhaldsmenntun í háskóla er mjög lág og er 4% eins og á Vesturlandi. Raunar er sá munur

einungis einu prósentustigi lægri en á Norðurlandi vestra og Austurlandi, sem bendir til að ekki gangi sérlega vel að skapa atvinnu fyrir fólk með meiri menntun. Vestfirðir eru einangraðir frá öðrum vinnumörkuðum og því væntanlega forsendur fyrir störf sem krefjast starfsnáms en landshlutanum virðist haldast lakar á körlum þegar kemur að háskólamenntun. Líkt og víða annars staðar er þetta án efa breytilegt innan svæðisins, en landshlutagögn gefa ekki færi til að greina þann mun. Fjöldi innflytjenda hefur einnig áhrif, en þeir eru tiltölulega hátt hlutfall á mörgum minni þéttbýlisstöðum landshlutans.




Mynd 20 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára á Vestfirðum 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 20 sýnir samanburð á stöðunni í landshlutanum miðað við landsbyggðina og landið í heild. Rétt er hins vegar að benda á að í landsmeðaltali vegur höfuðborgarsvæðið afar mikið vegna þess fjölda sem þar býr. Grunnmenntun og starfsnám og bóknám í framhaldsskóla er herra en landsmeðaltal og meðaltal landsbyggðarinnar, en grunnnám og framhaldsnám í háskóla verulega lægra en á landsvísu.

Þegar menntunartíð kvenna í sömu aldurflokkum, þ.e. 25-64 ára er skoðað er töluverður munur á milli kynja. Mynd 21 sýnir samanburð á starfssvæðum sóknaráætlana fyrir landið allt fyrir konur.




Mynd 21 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna 25-64 ára 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Samanburðurinn sýnir að hlutfall kvenna sem er með grunnenntun er í hærri kantinum, 32% og er það svipað og á Austurlandi og Suðurlandi. Hlutfall starfsmenntunar í framhaldsskólum er nærri landsmeðaltali, en undir þennan flokk fellur ýmis iðnmenntun og fleiri greinar. Konur á Vestfjörðum með grunnnám í háskóla og framhaldsnám í háskóla eru svipað hlutfall og t.d. á Norðurlandi vestra og Suðurlandi sem bendir til þess að fleiri konur sækja sér þessa menntun en einnig að landshlutanum haldist betur á konum en körlum sem fara í lengra nám.

Mynd 22 sýnir samanburð á stöðunni í landshlutanum miðað við landið í heild. Höfuðborgarsvæðið vegur þungt í landsmeðaltali eins fram kom hér að framan vegna þess fjölda sem þar býr. Grunnenntun vegur verulega hærra í landshlutanum en landsmeðaltali, en starfsnám er svipað og á landsvísu. Bóknám í framhaldsskóla er yfir landsmeðaltali og meðaltali landshluta og

grunnnám í háskóla töluvert hátt hlutfall eða fjórðungur. Framhaldsnám í háskóla er hins vegar einungis um helmingur af meðaltali landsins en eins og áður sagði ekki ólíkt því sem er víða annars staðar á landsbyggðinni. Atvinnugreinar sem byggja á grunnnámi og starfsnámsgreinar vege þungt í atvinnusamsetningu á svæðinu. Vestfirðir koma hins vegar nokkuð vel út í grunnnámi í háskóla sem gæti skýrst af því að í skólum og sjúkrastofnunum vinna tiltölulega margar konur með háskólanám.



Mynd 22 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna á Vestfjörðum 25-64 ára 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


3. Efnahagsþróun

3.1 Tekjur

Útsvarstofn, atvinnutekjur og fjármagnstekjur á mann eru þrjár mælikvarðar til að meta breytingar á tekjum einstaklinga á ákveðnu svæði. Tekjur á mann á öllum þessum mælikvörðum hafa á undanförunum árum verið undir landsmeðaltali ef frá eru talin eftirhrunsárin þegar atvinnutekjur voru á pari við landsmeðaltal.


Útsvarstofn á mann og atvinnutekjur lækkuðu nokkuð á árinu 2009 en hafa hækkað aftur verulega eftir 2013 og 2014. Fjármagnstekjur á mann fóru hratt niður allt til ársins 2011 og hafa lítið hækkað síðan.

Útsvarstofn ársins 2017 nam tæplega 4,1 milljón kr. og var tæplega 300 þúsund kr. undir landsmeðaltali. Atvinnutekjur námu sama ár 3,3 milljónum kr. og voru um 300 þúsund kr. undir landsmeðaltali.




Mynd 23 Útsvarstofn á mann á Vestfirðum 2008-2017 á verðlagi ársins 2017

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga



Mynd 24 Fjármagnstekjur á mann á Vestfirðum 2008-2016 á verðlagi ársins 2017

Heimild: Ríkisskattstjóri




Mynd 25 Atvinnutekjur á mann á Vestfirðum 2008-2017 á verðlagi ársins 2017

Heimild: Byggðastofnun /Hagstofa Íslands

3.2 Atvinnuleysi og atvinnuþáttaka

Atvinnuleysi á Vestfjörðum var afar lítið fyrir árslok 2008 eins og annars staðar á landinu. Það varð raunar ekki mikið á árunum þar á eftir verið á bilinu 1-4% og var sex til sjö prósentustigum undir landsmeðaltali þegar atvinnuleysi var mest á landinu. Atvinnuleysi karla hefur einkennst af árstíðasveiflu, en atvinnuleysi kvenna verið óreglulegra.




Mynd 26 Atvinnuleysi karla á Vestfjörðum ágúst 2008 til maí 2019

Heimild: Hagstofa Íslands

Allnokkur árstíðasveifla hefur einkennt atvinnuleysi á svæðinu, en undanfarin ár hefur það verið afar lítið og með því lægsta á landinu og var 1-2% í maí 2019. Uppsveifla sem sjá má á línuritunum í árslok 2017 er vegna sjómannaverkfalls sem var þá.

Atvinnuleysi er mikilvægur kvarði fyrir áhersluþátt í þróun en líka mikilvægt að horfa til fjöldapróunar þess aldurshóps sem virkastur er á vinnumarkaði því að nokkru flytur atvinnulaust fólk milli landshluta eftir atvinnu eða á milli landa og þá minnkar staðbundið atvinnuleysi. Hagstofan skilgreinir atvinnuþáttöku sem hlutfall vinnuafis af heildarmannfjölda. Vinnuafli samanstendur af starfandi og atvinnulausu fólki. Atvinnuleysi er hlutfall atvinnulausra af vinnuafli.



Mynd 27 Atvinnuleysi kvenna á Vestfjörðum ágúst 2008 til maí 2019

Heimild: Hagstofa Íslands


Upplýsingar um atvinnuþáttöku eru einungis tiltækar fyrir höfuðborgarsvæðið annars vegar og svæðið utan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Atvinnuþáttaka karla á aldrinum 16-64 ára var 86,7% á höfuðborgarsvæðinu árið 2012, en 89,3% utan þess. Atvinnuþáttaka kvenna á sama aldri var 83,5% á höfuðborgarsvæðinu og 83,1% utan þess. Atvinnuþáttaka karla var 88,1% á höfuðborgarsvæðinu og 89,0% utan þess á 1. ársfjórðungi ársins 2019. Sambærilegar tölur fyrir konur voru 85,0% og 83,3%.

3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur

Upplýsingar um fyrirtæki og gengi þeirra liggja ekki á lausu og þá heldur ekki um nýstofnuð fyrirtæki.

Helst er að styðjast við upplýsingar um nýskráningu fyrirtækja frá Hagstofu Íslands. Ljóst er að þær upplýsingar eru ekki fullkomnar, að öll fyrirtæki sem sett eru á laggirnar ná ekki inn á þá skrá. Hins vegar má ætla að svipað hlutfall nýrra fyrirtækja í landshlutunum séu skráð og samanburður því marktækur og

besti kvarði sem völ er á. Beinn samanburður á fjölda nýskráðra fyrirtækja er þó hæpinn og hér er valið að miða hann við staðalinn 1.000 íbúa. Samanburður á þeim grunni sýnir að nýskráð fyrirtæki á Vestfjörðum voru framan af tímabilinu yfir landsmeðaltali en heldur lægri undanfarin ár. Fylgni milli þróunar í landshlutanum og á landsvísu er sú næstmínsta á landinu eða um 0,23.



Mynd 28 Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga á 1.000 íbúa 2008-2018


Heimild: Hagstofa Íslands

3.4 Fasteignaverð

Fasteignaverð og þar með fasteignamat er eitt af þeim viðmiðum sem notuð eru til að lýsa efnahagslegri stöðu. Bygðastofnun hefur fengið Þjóðskrá Íslands til að reikna út fasteignamat og fasteignagjöld á sömu fasteigninni á nokkrum þéttbýlisstöðum á landinu frá árinu 2010.⁵ Viðmiðunareignin er einbýlishús sem er 161,1 m² að grunnfleti og stærð lóðar er 808m². Fasteignagjöldin eru reiknuð út samkvæmt gildandi fasteignamati og samkvæmt álagningarreglum eins og

⁵ <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Fasteignamat/2019/fasteignagjold-2019.pdf>

þær eru í hverju sveitarfélagi. Heildarmat, sem er samanlagt verðmat fasteignar og lóðar, er mjög mismunandi eftir þéttbýlisstöðum. Öll árin hefur matið verið áberandi hæst í Suður-Þingholtunum í Reykjavík og þriðja árið í röð er Bolungarvík með lægsta heildarmatið.




Mynd 29 Meðaltal f.mats íbúðarhúsnæðis á Vestfjörðum 2014 - 2018

Heimild: Þjóðskrá Íslands

Á Vestfjörðum var mat fasteigna skoðað á eftirtöldum stöðum: Patreksfirði, Bolungarvík, Hólmavík og nýrri byggðinni á Ísafirði. Eru niðurstöður settar fram í súluriti hér fyrir neðan þar sem sjá má þróunina á fasteignamatinu frá 2014-2018.


Eigendur íbúðarhúsnæðis geta verið einstaklingar eða lögaðilar. Hlutfall milli þessara eigenda er mismunandi eftir sveitarfélögum á Vestfjörðum. Eignarhald lögaðila á íbúðarhúsnæði var hæst í Tálknafjarðarhreppi 28% en lægst var hlutfallið í Strandabyggð, 12%. Yfir landið var skiptingin á eignarhaldi íbúðarhúsnæðis árið 2017; 78% einstaklingar og 22% lögaðilar.



Mynd 30 Eigendur íbúðarhúsnæðis á Vestfjörðum árið 2017

Heimild: Þjóðskrá Íslands


Eigendur íbúðarhúsnæðis geta átt lögheimili í því sveitarfélagi sem fasteignin er staðsett eða utan þess. Þjóðskrá Íslands heldur utan um skráningu á eignarhaldi fasteigna. Það er nokkuð mismunandi eftir sveitarfélögum hvar eigendur íbúðarhúsnæðis eiga lögheimili. Sjá fyrir neðan yfirlit yfir eigendur íbúðarhúsnæðis flokkaða eftir búsetu.



Mynd 31 Lögheimili eigenda íbúða á Vestfjörðum 2017

Heimild: Þjóðskrá Íslands

Sumarhúsum á Vestfjörðum hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Er sú fjölgun að mestu bundin við sveitarfélögin; Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhrepp.



Mynd 32 Sumarhús eftir sveitarfélögum á Vestfjörðum 1995 – 2018

Heimild: Þjóðskrá Íslands


4. Samgöngur

4.1 Vegir, hafnir og flugvöllir

Samkvæmt Samgönguáætlun 2019-2033 eru þrír flugvöllir á Vestfjörðum, á Gjögri á Ströndum, Bíldudal á sunnanverðum Vestfjörðum og á Ísafirði á norðursvæðinu. Áætlunarflug milli Reykjavíkur og Gjögurs er tvisvar í viku yfir vetrartímann en einu sinni í viku yfir sumartímann samkvæmt flugáætlun Ernis, sex daga í viku milli Reykjavíkur og Bíldudals og tvisvar á dag milli Reykjavíkur og Ísafjarðar samkvæmt flugáætlun Air Iceland Connect.


Stofnvegur á Vestfjörðum er hringvegurinn um Hjalla-, Ódrjúgs- og Klettshála Vatnsfjörð og Dynjandisheiði og Hrafnseyrarheiði til Ísafjarðar og inn Djúp, yfir Steingrímsfjarðarheiði og Þröskulda. Jarðgöng frá Dýrafirði yfir í Arnarfjörð sem vinnu er að ljúka við munu stytta vegalengdir milli staða á Vestfjörðum umtalsvert auk þess að leysa af hólmi fjallveg sem lokast stóran hluta úr árinu, en eftir stendur að vegur um Dynjandisheiði verður áfram farartálmi og að vegir á þessu svæði eru að hluta enn með óbundnu slitlagi.

Stofnvegur inn Strandir að Þjóðvegi nr. 1 í Hrútafirði og hringurinn úr Vatnsfirði um Patreksfjörð, Tálknafjörð og Bíldudal upp á heiði úr Trostansfirði. Stofnvegir milli byggða á Vestfjörðum liggja hátt og á töflunni má sjá þá sem liggja yfir 200 metra hæð yfir sjó.



Mynd 33 Helstu vegir á Vestfjörðum

Heimild: Þjóðskrá Íslands




Mynd 34 Grunnnet samgangna

Heimild: Samgönguáætlun 2019-2033

Stofnvegir á Vestfjörðum eru með bundnu slitlagi nema á milli Vatnsfjarðar og Dýrafjarðar og á vegakafla á Barðaströnd og tveimur á Ströndum.

Myndin sýnir grunnnet samgangna árið 2018 en ekki hafa verið gerðar breytingar síðan 2015. Rétt er þó að benda á að Vaðlaheiðargöng voru tekin í notkun 2019 og stytta vegalengd milli Akureyrar og Húsavíkur um 16 km og aðrar leiðir austan Akureyrar samsvarandi.



Mynd 35 Hafnir á Vestfjörðum

Á Vestfjörðum eru fjórar hafnir í grunnneti samgöngukerfisins, þar af ein í flokki I, á Ísafirði, og tvær í flokki II, meðalstórar fiskihafnir, á Bíldudal og Bolungarvík. Bátahafnir í flokki III eru á Patreksfirði, Tálknafirði, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Súðavík og Hólmavík. Smábátahafnir eru í Norðurfirði, á Drangnesi og á Brjánslæk en sú höfn er í grunnneti vegna ferjusiglinga um Breiðafjörð.


Engin stór flutningahöfn er á Vestfjörðum. Siglingastofnun miðar flokkun sína við að í höfnum í flokki I geti 100-150 metra löng flutningaskip athafnað sig.

Tafla 3 Hæð fjallvega

vegnr.	vegheiti og staðsetning	hæð í m.y.s.
Milli Vesturlands og Suðurfjarða:		
60	Hjallaháls	336
60	Klettsháls	332
Milli byggða á Suðurfjörðum:		
62	Kleifaheiði	404
63	Miklidalur	369
63	Hálfván	500
Milli Suðurfjarða og norðanverðra Vestfjarða:		
60	Helluskarð	468
60	Dynjandisheiði	500
60	Hrafseyrarheiði	552
60	Gemlufallsheiði	270
Milli Norðanverðra Vestfjarða og Stranda		
61	Steingrímsfjarðarheiði	439
Milli byggða á Ströndum:		
68	Ennisháls	290
Milli Stranda og Vesturlands		
61	Þröskuldur	369
Heimild: Vegagerðin		

4.2 Almenningsamgöngur

Á landi er Strætó bs. með umfangsmesta leiðakerfi almenningsamgangna. Landshlutasamtök í landinu að undanskyldum Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Samtökum sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) hafa gert samning við Strætó bs. um að annast akstur í þeirra landshlutum. Strætó bs. gengur um Suður-, Vestur-, Norður- og Norðausturland. Áhersla er lögð á að fólk geti komist til og frá Akureyri og Reykjavík á ákveðnum tíma og ákvarðast tími ferðar af því. Sjá má leiðakerfi Strætó bs. á mynd 36.



Mynd 36 Strætisvagnakerfi Ísafjarðarbæjar

Heimild: Heimasíða Ísafjarðarbæjar

Umfang almenningssamgangna á Vestfjörðum er heldur lítið. Strætisvagnar Ísafjarðar fara um Ísafjörð og í nágrennabæi. Jafnframt hafa verið ferðir á milli Ísafjarðar og Hólmavíkur þar sem farþegar geta tengst leiðakerfi Strætó bs, þó einungis á sumrin. Vesturbyggð setti af stað tilraunaverkefni í september 2016 fyrir ferðir á milli Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals í samvinnu við Tálknafjarðarhrepp og Odda hf. á Patreksfirði og var ákveðið að halda áfram með það verkefni í einhvern tíma. Algengt er að Vestfirðingar nýti sér flug til að komast til Reykjavíkur þar sem landleiðin með almenningssamgöngum þykir dýr og taka langan tíma. Flugið er þar að auki oft eina færa leiðin til Reykjavíkur yfir vetrarmánuðina þegar vegir lokast vegna veðurs og færðar.

4.3 Vinnusóknarsvæði og fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða


Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Vestfjörðum eru í grófum dráttum samfallandi við skiptingu landslutans í þrjú undirsvæði, samkvæmt könnun Bygðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna.

Tafla 4 Vegalengdir á Vestfjörðum 2019


	Frá Ísafirði	Frá Patreksfirði
Reykhólar	240	192
Brjánslækur	122	55
Patreksfjörður	173	
Tálknafjörður	162	18
Bíldudalur	145	30
Þingeyri	49	125
Flateyri	22	164
Suðureyri	23	179
Bolungarvík	13	185
Ísafjörður		173
Hnífsdalur	4	176
Súðavík	20	187
Drangsnæs	236	253
Hólmavík	225	222
Reykjavík	455	392

Heimild: Vegagerðin

Vinnusókn er á milli þéttbýlisstaðanna á sunnanverðum Vestfjörðum annars vegar og þéttbýlisstaða á norðanverðum Vestfjörðum hins vegar. Vinnusóknarsvæði Hólmavíkur teygir sig suður yfir Þróskulda í Reykhóla sem aftur tengjast vinnusóknarsvæði Búðardals. Í grófum dráttum eru Ísfirðingar miðsvegar til Reykjavíkur á Hólmavík og Patreksfirðingar miðsvegar við Bjarkarlund (Reykhóla). Þó vegalengdir mældar í kílómetrum séu langar milli staða á Vestfjörðum, liggja þær líka hátt og yfir vetrartímann getur ferðatími því orðið langur. Þær aðstæður trufla miðstöðu Ísafjarðar á Vestfjörðum en sökum stærðar hans og fjarlægðar frá öðrum stórum þéttbýlisstöðum stendur hann undir margháttaðri þjónustu.



Mynd 37 Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða



Mynd 38 Snjómokstursreglur á Vestfirðum 2019

Heimild: Vegagerðin

Reglur Vegagerðarinnar um snjómokstur kveða á um mokstur yfir Dynjandisheiði haust og vor en ekki að vetri. Snjó er mokað daglega af veginum milli flugvallar á Bíldudal og ferjuhafnar á Brjánslæk, um Tálknafjörð og Patreksfjörð.

Stytting ferðatíma, samgöngubætur og vegstyttingar, hafa áhrif á vinnu- og þjónustusókn og þar með á búsetuskilyrði og er því mikilvægur kvarði fyrir sóknaráætlanir.

4.4 Gagnaflutningar


Flest lönd ESB hafa sett það markmið að allir hafi aðgang að 30 Mb/sek. og á Ísland hafa verið sett markmið um ákveðið hlutfall íbúa sem hafi aðgang að 30 Mb/sek þjónustu árið 2020.

Lagt er til að fyrir Ísland verði sett markmið um hlutfall íbúa sem hafi aðgang að 100 Mb/sek þjónustu 2020. Flest Evrópulönd miða við að íbúar hafi almennt aðgang að 100 Mb/sek 2025 eða fyrr. Þessi hraði gerir mögulegt að vera með fleiri þungar þjónustur í gangi samtímis á hverju heimili, t.d. fleiri en eitt sjónvörp í UHD upplausn. Markmið ESB landa gera ráð fyrir sívaxandi mikilvægi og kröfum til Internetþjónustu og í ljósi þess sífellt hærri markmiðum um Internetþjónustu. ESB lönd hafa flest sett sér markmið um enn hærri hraða, 100 Mb/sek og 1 Gb/sek sem nær til fleiri og fleiri íbúa í framtíðinni.

Með 3G og 4G er meðaltal innan við 100 Mb/sek (miðað við mælingar gerðast í des 2018).

Ísland ljóstengt er tímabundið landsátak í þá veru og féllu alls 3.700 heimili undir verkefnið í upphafi. Gert er ráð fyrir að fjarskiptafyrirtæki sjái að öðru leyti um að tengja aðra staði á landinu. Verkefnið hefur vaxið að umfangi og losar fjöldi styrkhæfra staða um 6.000 árið 2019. Eingöngu á eftir að semja um styrki til að tengja síðustu 150-250 byggingarnar í dreifbýli árin 2020 og 2021 til að ná ofangreindu markmið íslenskra stjórnvalda á sviði fjarskipta fyrir landið í heild er að 99,9% lögheimila og fyrirtækja eigi kost á 100 Mb/sek þráðbundinni nettengingu í árslok 2021. Fjármálaáætlun gerir ráð fyrir árlegu 964 m.kr. framlagi til verkefnisins næstu tvö ár og einnig er 300 m.kr. framlag til þess af byggðaáætlun. Til að það takist þarf að veita ríkisstyrki til ljósleiðarauppbyggingar í dreifbýli utan markaðssvæða.

Meðfylgjandi kort sýna að verkefnið er skammt á veg komið á Vestfjörðum ef undan eru skilin svæði næst helstu þéttbýlisstöðum.



Mynd 39 Aðgengi að næstu kynslóðar netum í ársbyrjun 2019

Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun

5. Opinber þjónusta

5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla

Heilbrigðisumdæmi Vestfjarða er minna en starfssvæði samtaka sveitarfélaga á Vestfjörðum; Fjórðungssamband Vestfirðinga þar sem að norður á starfssvæði sveitarfélaga á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra fellur undir Heilbrigðisumdæmi Vesturlands⁶. Aðsetur yfirstjórnar Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða er á Ísafirði. Þar er heilsugæslustöð og sjúkrahús með vaktþjónustu og heilsugæslustöðvar eru að auki á Patreksfirði og Hólmavík. Heilsugæslustöðvar virðast hafa mikil áhrif hvert íbúar leita þjónustu. Hjúkrunarrými fyrir aldraða eru rekin í tengslum við heilbrigðisstofnanir á Patreksfirði, Ísafirði og Bolungarvík. Nánar má kynna sér heilbrigðisþjónustu á [Þjónustukorti Byggðastofnunar](#).

VESTFIRDIR
HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA 2019

Heimild: Þjónustukort Byggðastofnunar, LMÍ.
02.20/ALP

SKÝRINGAR

- Bráðamóttaka
- Heilsugæslustöðvar
- Læknavaktin
- MÖRK SVÆÐA SÓKNARÁ/ETLANA

0 25 50 km

 BYGGÐASTOFNUN

Mynd 40 Sjúkrahús og heilsugæsla á Vestfjörðum 2018

⁶ <http://thjonustukort.is/>

⁷ <http://www.logreglan.is/logreglan/umdaemin/>

5.2 Löggæsla, sýslumaður og héraðsdómur

Vestfirðir, starfssvæði samtaka sveitarfélaga á Vestfjörðum, eru eitt umdæmi sýslumanns sem situr á Patreksfirði og eitt umdæmi lögreglustjóra sem hefur aðsetur á Ísafirði.⁷ Sýsluskrifstofur og lögreglustöðvar eru á Hólmavík, Ísafirði, Bolungarvík og Patreksfirði.

Héraðsdómur Vestfjarða hefur aðsetur á Ísafirði og umdæmi hans nær yfir sveitarfélögin Reykhólahrepp, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhrepp, Bolungarvíkurkaupstað, Ísafjarðarbæ, Súðavíkurrepp, Árneshrepp, Kaldrananeshrepp og Strandabyggð.⁸ Nánar má kynna sér löggæslu, sýslumenn og héraðsdóm á [Þjónustukortinu](#).

VESTFIRDIR
UMDÆMI OG AÐSETUR SÝSLUMANNS,
HÉRAÐSDÓMS OG LÖGREGLU 2019

Heimild: Þjónustukort Byggðastofnunar, LMÍ.
02.20/ALP

SKÝRINGAR

- MÖRK SVÆÐA SÓKNARÁ/ETLANA
- DÓMSTÓLAR
- LÖGREGLUSTÖÐVAR
- SÝSLUMENN

0 25 50 km


 BYGGÐASTOFNUN

Mynd 41 Umdæmi og aðsetur sýslumanns, héraðsdóms og lögreglu 2019

⁸ <http://www.domstolar.is/vestfirdir>

5.3 Orkukostnaður

Árlegir útreikningar Byggðastofnunar og Orkustofnunar um kostnað á ársgrundvelli við raforkunotkun og húshitun hafa verið gerðir frá árinu 2013. Viðmiðunareignin er einbýlishús, 140 m² að grunnfleti og 350 m³. Við útreikningana á orkukostnaði er almenn rafmagnsnotkun og fastagjald tekið saman annarsvegar og húshitunarkostnaður hinsvegar. Nánar má kynna sér efnið á heimasíðu Byggðastofnunar. Á meðfylgjandi mynd er yfirlit yfir orkukostnað heimila á nokkrum stöðum á landinu.



Mynd 42 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu

Heimild: Byggðastofnun

Í meðfylgjandi töflu 5 er að finna algengasta verð heildar orkukostnaðar á nokkrum stöðum á landinu.

Tafla 5 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu

	Dreifiveita - Rafmagn	Hitaveita / Kynt hitaveita	Almenn raforkunotkun Algengasta verð	Húshitun Rafhitun / Hitaveita Algengasta verð	Orkukostnaður alls Algengasta verð
RARIK - Dreifbýli án hitaveitu	RARIK	-	120.061	204.906	324.967
Orkubú Vestfjarða - Dreifbýli án hitav.	Orkubú Vestfjarða	-	120.101	195.449	315.550
Grundarfjörður	RARIK	-	87.994	204.906	292.900
Reyðarfjörður	Rafveita Reyðarfjarðar	-	87.736	203.015	290.751
Ísafjörður	Orkubú Vestfjarða	Orkubú Vestfjarða	91.688	195.449	281.684
Seyðisfjörður	RARIK	RARIK	87.994	204.906	270.890
Veitur ohf. - Dreifbýli	RARIK	RARIK	120.061	130.072	250.133
Dreifbýli á Norðurlandi - Með hitaveitu	RARIK	Ýmsar*	120.061	109.908	229.969
Vestmannaeyjar	HS Veitur	HS Veitur	84.122	209.635	226.690
Hafnarfjörður	HS Veitur	Veitur	84.122	111.612	195.734
Reykjavík	Veitur	Veitur	81.647	111.612	193.259
Akranes	Veitur	Veitur	81.647	109.340	190.987
Akureyri	Norðuroorka	Norðuroorka	83.081	96.844	179.925
Selfoss	HS Veitur	Selfossveitur	84.122	95.708	179.830
Keflavík	HS Veitur	HS Veitur	84.122	92.584	176.706
Sauðárköpungur	RARIK	Skagafjarðarveitur	87.994	88.324	176.318
Egilsstaðir	RARIK	Hitav. Egilsstaða og Fella	87.994	85.768	173.762
Seltjarnarnes	Veitur	Hitaveita Seltjarnarnes	81.647	59.924	141.571

* Hitaveita Dalvíkur, Hitaveita Húnaþings vestra, Hitaveita Óxarfjarðarháa, Norðuroorka, Orkuveita Húsavíkur, RARIK og Skagafjarðarveitur. Öll verð með sköttum og öðrum gjöldum. Samkvæmt gjaldskrá 1. sept 2018

Heimild: Byggðastofnun

Ef horft er til algengasta verðs heildarorkukostnaðar þá er hann, líkt undanfarin ár, hæstur í dreifbýli á orkuveitusvæði RARIK og Orkubús Vestfjarða. Algengasti heildarkostnaður í þéttbýli var hæstur á Grundarfirði, Neskaupsstað og í Vopnafjarðarhreppi 292.900 kr. en lægstur á Seltjarnarnesi 141.571 kr.

Af þeim fjórum þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum sem voru með í úttekt⁹ sem Byggðastofnun fékk Orkustofnun til að gera eru allir með orkukostnað vel yfir meðaltali. Hólmavík skilur sig örlítið frá en þar er notað rafmagn til húshitunar. Er algengasta verð heildar orkukostnaðar á Hólmavík ekki langt frá því sem gerist í Grundarfirði þar sem hann er hæstur í þéttbýli á landinu. Á hinum þremur þéttbýlisstöðum starfrækir Orkubú Vestfjarða kynta hitaveitu sem notuð er til húshitunar.


⁹ <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Orkukostnadur/2018/samanburdur-a-orkukostnadi-heimila-2018.pdf>

Tafla 6 Orkukostnaður heimila á Vestfjörðum í dreifbýli og á nokkrum þéttbýlisstöðum

Staður	2019		2014		Samtals rafmagn og hiti kr./ári	Samtals rafmagn og hiti kr./ári
	Hitaveita Fjarvarma v. kr./ári	Rafhitun kr./ári	Hitaveita/Rafhitun kr./ári	Rafmagn Almenn notkun kr./ári		
Dreifbýli Orkubú Vestfjarða		195.449	195.449	120.101	315.550	311.431
Hólmavík		195.449	195.449	91.688	287.137	256.295
Ísafjörður	189.996	195.449	189.996	91.688	281.684	250.174
Bolungarvík	189.996	195.449	189.996	91.688	281.684	250.174
Patreksfjörður	189.996	195.449	189.996	91.688	281.684	250.174

Heimild: Orkustofnun

Þróun orkukostnaðar í landshlutanum hefur verið með sambærilegum hætti í landshlutanum. Orkubús Vestfjarða er aðal þjónustuveitandinn á svæðinu og því hefur kostnaðurinn alls staðar með sambærilegum hætti. Athygli vekur að kostnaður hefur staðið í stað eða dregist saman á svæðinu milli árana 2017 og 2018. Orkukostnaður þar sem kyntrar hitaveitu nýtur ekki við er hærri en þar sem kynt hitaveita er til staðar. Sjá nánar á mynd hér fyrir neðan sem sýnir þróun orkukostnaðar á verðlagi hvers árs.



Mynd 43 Þróun orkukostnaðar á Vestfjörðum í dreifbýli og á nokkrum þéttbýlisstöðum 2014-2018

Heimild: Bygðastofnun

5.4 Opinber störf

Bygðastofnun hefur tekið saman fjölda opinberra starfa og dreifingu þeirra um landið síðan 2013. Tölurnar sem settar eru fyrir fjölda ríkisstarfa áramótin 2018/2019. Í greiningunni er miðað við víða skilgreiningu ríkisstarfa, þ.e. stöðugildi greidd af Fjárslu ríkisins, stöðugildi hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum í eigu ríkisins og þær stofnanir sem hafa meirihluta rekstrartekna sinna af fjárlögum. Á landsvísu starfa fleiri konur fyrir ríkið en karlar; 63% á móti 37% karla. Á Vestfjörðum er hlutfallið jafnara eða 58% stöðugildi kvenna á móti 42% stöðugildum karla. Á Vestfjörðum búa 2,0% af íbúafjölda landsins en þar eru staðsett 1,8% af heildarstöðugilda opinberra starfa hjá ríkinu. Hér fyrir neðan má sjá heildarfjölda stöðugilda hjá ríkinu skipt niður á landshluta.

Tafla 7 Opinber störf hjá ríki niður á landshluta 31.12 2018

Stöðugildi opinberra starfa skipt á landshluta	Fjöldi stöðugilda kvenna	Fjöldi stöðugilda karla	Samtals	Íbúafjöldi 1.1.2019	Hlutfall íbúa af heild	Hlutfall stöðugilda af heilda
Höfuðborgarsvæðið	11.181	6.328	17.509	228.231	63,9%	70,7%
Vesturland	562	259	821	16.507	4,6%	3,3%
Vestfirðir	262	192	454	7.063	2,0%	1,8%
Norðurland vestra	313	172	485	7.227	2,0%	2,0%
Norðurland eystra	1.332	616	1.948	30.445	8,5%	7,9%
Austurland	368	189	557	10.670	3,0%	2,3%
Suðurland	923	551	1.474	29.735	8,3%	6,0%
Suðurnes	691	748	1.439	27.113	7,6%	5,8%
Annað	31	33	64	-	0,0%	0,3%
Samtals	15.663	9.088	24.751	356.991	100%	100%

Heimild: Bygðastofnun

Í greiningu Bygðastofnunar kemur fram að fjöldi stöðugilda á Vestfjörðum jókst um tæp fimm á milli árana 2017-2018. „Á Ísafirði, í Kaldrananeshreppi, í Strandabyggð og í Súðavíkurhreppi er fjölgun, en fækkun er í Bolungarvík og Vesturbyggð. Fjölgunin er vegna fleiri stöðugilda hjá Orkubú Vestfjarða, Heilbrigðisstofnuninni. Frá Bolungarvík færast stöðugildi meðal annars til Ísafjarðar. Önnur sveitarfélög í landshlutanum standa í stað.“¹⁰ Á milli árana 2016-2017 stóð fjöldinn hins vegar í stað. Í töflunni hérna að neðan má sjá þróunina á opinberum störfum í árslok fyrir árin 2014, 2016 og 2018.

¹⁰ <https://www.byggdastofnun.is/is/frettir/category/1/hvar-eru-rikisstofnin-2>

Tafla 8 Opinber ríkisstörf í landshlutanum

Sveitarfélag	2014			2016			2018		
	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals
Árneshreppur	2	-	2	1	1	2	1	1	2
Bolungarvík	26	7	33	21	7	27	18	6	23
Ísafjarðarbær	152	128	279	176	140	316	182	147	329
Reykholahreppur	10	-	10	13	-	13	11	1	11
Strandabyggð	16	22	38	15	23	38	17	20	37
Súðavíkurhreppur	-	1	1	-	-	-	1	1	1
Vesturbyggð	31	20	51	36	17	53	32	18	50
Samtals	236	177	413	262	187	449	262	191	453

Heimild: Byggðastofnun

Í árbók Sambands íslenskra sveitarfélaga eru tekin saman störf á vegum sveitarfélaga í landinu. Gögnin frá sambandinu miða við stöðu stöðugilda 1. apríl ár hvert. Sambandið heldur einnig skrá yfir kynjaskiptingu þessara stöðugilda hjá sveitarfélögunum. 1. apríl 2018 var heildarfjöldi stöðugilda hjá sveitarfélögunum í landinu 21.245. Af því voru um 15.790 konur eða 74% og 5.455 karlar eða 26%. Það starfa því þrisvar sinnum fleiri konur fyrir sveitarfélögin í landinu heldur en karlar. Á Vestfjörðum var heildarfjöldi stöðugilda 537 og voru 403 konur og 134 karl. Hlutfallið var því sambærilegt og á landsvísu eða 75% konur og 25% karlar. Kynjahlutfallið er hins vegar mjög breytilegt milli sveitarfélaga í landshlutanum.

Tafla 9 Þróun og kynjaskipting starfa hjá sveitarfélögum í landshlutanum

Sveitarfélag	2014			2016			2018		
	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals
Bolungarvíkurkaupstaður	57	13	70	53	14	67	48	21	69
Ísafjarðarbær	213	59	271	200	71	271	200	73	272
Reykholahreppur	36	4	40	31	5	36	32	10	42
Tálknafjarðarhreppur	4	1	5	3	3	6	3	4	6
Vesturbyggð	48	17	66	56	17	74	68	15	82
Súðavíkurhreppur	9	7	16	11	4	14	14	1	16
Árneshreppur	3	-	3	5	-	5	-	-	-
Kaldrananeshreppur	6	1	8	6	1	7	7	1	8
Strandabyggð	33	10	43	30	8	38	32	10	42
SAMTALS Vestfirðir	409	112	522	396	122	518	403	134	537

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Samanlagðan fjöldi stöðugilda ríkis og sveitarfélaga er því hægt að áætla og þróun á fjölda stöðugildanna frá ári til árs. Á töflunni hérna fyrir neðan sést að fjöldi stöðugildi hjá ríki og sveitarfélögum hefur verið að aukast sem og hlutfall íbúa með stöðugildi hjá ríki og sveitarfélögum. Nánar má skoða þróunina í töflunni hér fyrir neðan.

Tafla 10 Opinber störf hjá ríki og sveitarfélögum í landshlutanum

Ártal	Fjöldi stöðugilda samtals hjá ríki 1. jan	Fjöldi stöðug. hjá sveitarf. 1. apríl	Íbúafjöldi	Hlutfall íbúa með stöðugildi hjá ríki	Hlutfall íbúa með stöðugildi hjá sveitarf.	Hlutfall íbúa með stöðugildi hjá ríki og sveitarf.
2014	412	522	6.972	5,9%	7,5%	13,4%
2016	419	518	6.883	6,1%	7,5%	13,6%
2018	449	537	6.994	6,4%	7,7%	14,1%

Heimild: Úttekt Byggðastofnunar á opinberum störfum og Árbók Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ljóst er að þróun á fjölda stöðugilda á vegum ríkis og sveitarfélaga hefur þýðingu fyrir búsetuskilyrði í landshlutanum. Ekki bara með tilliti til áhrifa á atvinnu heldur einnig með tilliti til þjónustu. Hlutfall þeirra sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum gefur að einhverju leyti til kynna það þjónustustig sem er í landshlutanum.

6. Önnur þjónusta

6.1 Verslun


Í greiningu á verslun var dagvöruverslun flokkuð niður í eftirtalda flokka:

1. Lágvöruverðsverslun:
 - a. Bónus, Nettó, Krónan, þar sem að gert er ráð fyrir sama verði á sömu vöru um land allt
2. Stærri dagvöruverslun:
 - a. Verslun sem hefur stóra markaðshlutdeild á sínu svæði og er með fjölbreytt úrval.
3. Önnur dagvöruverslun:
 - a. Dagvöruverslanir sem ekki falla undir flokk 1. og 2.
 - b. Einstakar verslanir eða t.d. búðir í samrekstri við bensínstöðvar.

Lágvöruverslun er skilgreind sem stórverslun þar sem vöruverð er lægra en í öðrum dagvöruverslunum. Þetta eru oftast verslunarkeðjur. Lágvöruverslun eru tvær á Ísafirði og litlar matvörubúðir á öllum þéttbýlisstöðunum, en sumar með mjög takmarkað vöruframboð.

VESTFIRÐIR
DAGVÖRUVERSLANIR 2019

Heimild: Þjónustukort Byggðastofnunar, LMÍ.
02.20/ALP



Mynd 44 Dagvöruverslanir á Vestfjörðum

Á Vestfjörðum eru samtals 11 verslanir, 2 lágvöruverðsverslanir og 9 aðrar dagvöruverslanir og skiptast þær niður á sveitarfélögin eins og sýnt er á neðangreindri töflu.

Tafla 11 Dagvöruverslanir á Vestfjörðum eftir sveitarfélögum 2019

Sveitarfélag	Lágvöruverðsverslun	Önnur dagvöruverslun	Samtals
Kaldrananeshreppur		1	1
Strandabyggð		1	1
Súðarvíkurhreppur		1	1
Tálknafjarðarhreppur		1	1
Bolungarvíkurkaupstaður		2	2
Vesturbyggð		2	2
Ísafjarðarbær	2	1	3
Samtals	2	9	11


Heimild: Byggðastofnun, þjónustukort.is

6.2 Ýmis þjónusta

Árið 2019 opnaði Byggðastofnun aðgang [þjónustukorti](#) sem finna má á heimasíðu stofnunarinnar. Er gerð kortsins ein af aðgerðum á byggðaáætlun 2018-2024. Á kortinu má finna upplýsingar um alla helstu þjónustubætti, allt frá neyðarþjónustu til stjórnsýslu.

Árið 2018 gerði Byggðastofnun þjónustukönnun á Vestfjörðum.¹¹ Þar kom fram að íbúar á Vestfjörðum sóttu um 72% þjónustunnar til stofnana og fyrirtækja í landshlutanum. Þar af rúmlega 52% til þjónustuaðila á Ísafirði. Rúmlega 20% var sótt til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu. Um 47% svarenda á Vestfjörðum gáfu þjónustunni í sveitarfélaginu þar sem þeir búa ágætiseinkunn (8-10) og 41% svarenda gáfu þjónustunni sæmilega einkunn (5-7). Þeir eldri eru líklegri til að vera ánægð með þjónustuna en þeir yngri og konur eru líklegri til að vera ánægð með þjónustuna en karlar. Svarendur með háskólapróf voru að jafnaði ánægðari með þjónustuna en þeir með grunnskólapróf og svarendur með þrjú eða fleiri börn á heimili voru að jafnaði ekki eins ánægðir með þjónustuna og þeir svarendur þar sem færri voru í heimili. Nánar má kynna sér þjónustusókn íbúa á Vestfjörðum í skýrslunni.

¹¹ <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/thjonustukonnun2018/5-vestfirdir-loka.pdf>




Mynd 45 Þjónustusókn á Vestfjörðum

Heimild: Byggðastofnun

6.3 Ferðaþjónusta


Mikill vöxtur hefur verið í ferðaþjónustu undanfarin ár og er ferðaþjónusta sú atvinnugrein sem vaxið hefur hvað mest þegar kemur að landsbyggðinni. Þessi efling ferðaþjónustunnar kemur meðal annars fram í tölum um gistinætur. Á árinu 2012 voru gistinætur á Vestfjörðum um 237 þúsund. Á árinu 2018 voru gistinætur 528 þúsund og hefur því gistinóttum á svæðinu fjölgað um meira en helming síðan 2012. Þó vöxtur í fjölda gistinóttu hafi verið hraður á undanförunum árum þá hefur hægt nokkuð á honum á síðasta ári, 2018. Sjá þróun í fjölda gistinóttu á meðfylgjandi mynd.



Mynd 46 Gistinætur á Vestfjörðum 2008 – 2018 eftir svæðum

Heimild: Hagstofa Íslands


Eins og víða annarsstaðar á landinu er mikil árstíðarsveifla í fjölda gistinóttá á Vestfjörðum. Aðal tímabilið er yfir sumartímamann eins og sjá má á mynd 47.



Mynd 47 Gistinætur á Vestfjörðum eftir mánuðum 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Árið 2012 voru innlendir ferðamenn rúmlega 40% þeirra sem gisti á Vestfjörðum. Næst á eftir þeim voru gestir frá Þýskalandi um 24% og Frakklandi um 5%.




Mynd 48 Gistinætur á Vestfjörðum eftir þjóðerni 2012

Heimild: Hagstofa Íslands

Síðan 2012 hefur orðið töluverð breyting á þjóðerni þeirra er gista á Vestfjörðum. Gistinóttum Íslendinga hefur fækkað umtalsvert á tímabilinu, úr 53 þúsund árið 2012 í 45 þúsund árið 2018. Íslendingar eru ennþá stærsti hópur ferðamanna sem gisti á Vestfjörðum árið 2018 en þar næst koma nú ferðamenn frá Bandaríkjunum, Þýskaland og Frakklandi. Í fimmta sæti eru svo ferðamenn frá Bretlandi. Þróunin hefur verið að Bandaríkjamönnum hefur fjölgað verulega, en Þjóðverjum hefur fækkað eins og Íslendingum. Ferðamenn frá Asíu gista ekki í jafn miklu mæli á Vestfjörðum og á Vesturlandi.


Á milli árána 2012 og 2018 varð ríflega tvöföldun á fjölda gistinóttá á landinu. Heildarfjöldinn fór úr 3.8 milljón gistinóttum árið 2012 í 8.5 milljón nætur árið 2018.



Mynd 49 Gistinætur á Vestfjörðum eftir þjóðerni 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


Heildarfjöldi gistinguáttá á Vestfjörðum fór úr því að vera 129.307 árið 2012 yfir í að vera 192.278 gistinguáttá árið 2018. Er það talsvert minni aukning en á landsvísu á tímabilinu.



Mynd 50 Gistinguáttá eftir landshlutum 2012 og 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Árið 2012 var hlutfeld Vestfjarða í heildarfjölda gistinguáttá á landinu 3,4%. Árið 2018 hafði hlutfeldin lækkað í 2,2%. Á þessu mikla vaxtartímabili í ferðaþjónustu hefur Vestfjörðum ekki tekist að halda sinni hlutfeldi í heildarfjölda gistinguáttá á landinu. Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun hlutfeldar landshlutanna í heildarfjölda gistinguáttá frá 2008-2018.



Mynd 51 Hlutfeld landshluta í gistinguáttum 2008 – 2018


Heimild: Hagstofa Íslands

7. Landbúnaður

Íslensk matvælaframleiðsla er umfangsmikill hluti af íslensku efnahagslífi. Frumframleiðsla, eins og landbúnaður, er mikilvæg grunnstoð í atvinnulífi hvers landshluta. Sé litið á heildar rekstrartekjur allra búgreina á landinu árið 2017 þá er hlutdeild Vestfjarða um 16% skv. greiningu Vífils Karlssonar¹². Inn í þeirri tölu er fiskeldi sem hefur vaxið mikið á undanförunum árum. Í sömu skýrslu kemur fram vægi sauðfjár- og kúabúskapar á Vestfjörðum metið út frá rekstrartekjum; 64% tekna koma frá sauðfé, 34% frá kúabúum og 2% frá öðrum nautgripabúum. Þar kemur einnig fram að árið 2017 voru 8% allra jarða í ábúð á Íslandi á Vestfjörðum.

7.1 Kjötframleiðsla

Kjötframleiðsla í landinu hefur aukist á undanförunum árum. Framleiðsla á kindakjöti, nautakjöti, hrossakjöti, svínakjöti og alifuglakjöti fer úr því að vera 19.033 tonn árið 1998 í 32.481 tonn árið 2018. Það gerir um 71% aukningu á framleiðslumagni á tímabilinu. Hérna fyrir neðan má sjá þróun í framleiðslu á kjöti eftir tegundum á landsvísi frá 1998-2018. Mestur er vöxturinn á framleiðslu á alifuglakjöti þar sem framleiðslan fer úr 2.736 tonnum árið 1998 í 9.483 tonn árið 2018 og er því orðin næst stærsta framleiðslutegundin eftir á kindakjöti.



Mynd 52 Kjötframleiðsla á Íslandi eftir tegundum frá 1998-2018

Heimild: Hagstofa Íslands

7.2 Fjöldi búpenings

Þróun í fjölda búpenings í landinu og á Vestfjörðum frá 1998 til 2018 fyrir fimm tegundir búfjár má sjá í töflunni hér fyrir neðan. Eru þetta tölur frá Hagstofu Íslands. Eins og sjá má þá eru ekki til tölur fyrir fjölda hrossa fyrir árin 2014, 2015 og 2018. Er það vegna ónákvæmra upplýsinga í skráningu. Í tölunum fyrir svín eru einungis skráðar fullorðnar gyltur og geltir.

¹² <http://ssv.is/wp-content/uploads/2019/02/UmsvifLandbunadarLandshlutar-lokaeintak2.pdf>

Tafla 12 Þróun á fjölda búpenings í landshlutanum

	Nautgripir alls		Sauðfé alls		Hross		Svin		Varphaensni	
	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.
1998	75.500	2.292	490.002	48.230	78.400	1.172	3.987	26	166.911	74
1999	74.534	2.170	490.538	48.475	77.330	1.099	3.926	30	160.640	112
2000	72.135	2.163	465.777	47.311	73.995	1.128	3.862	-	193.097	64
2001	70.168	2.103	473.535	48.987	73.809	1.063	4.561	-	128.241	62
2002	67.225	2.003	469.657	49.292	71.267	978	4.075	-	160.537	95
2003	66.035	2.103	463.006	48.910	71.412	861	3.852	-	165.242	255
2004	64.639	2.169	455.398	48.985	72.222	865	3.553	-	166.466	214
2005	65.979	2.297	454.950	48.234	74.820	908	3.982	-	166.119	244
2006	68.670	2.385	455.656	47.620	75.644	930	4.218	-	181.857	147
2007	70.660	2.446	454.812	46.795	76.982	881	4.147	-	184.244	118
2008	72.012	2.457	457.861	46.280	77.502	997	4.265	-	168.515	105
2009	73.498	2.465	469.429	47.607	77.158	1.056	3.818	-	199.958	163
2010	73.781	2.484	479.841	47.081	77.164	882	3.615	-	173.419	162
2011	72.773	2.445	474.759	45.841	78.277	1.018	3.619	-	221.167	167
2012	71.513	2.128	476.262	45.214	77.380	928	3.643	-	200.169	162
2013	70.461	2.079	484.108	46.128	72.626	871	3.651	-	215.180	174
2014	74.444	2.254	487.075	47.386	3.644	-	226.474	174
2015	78.634	2.297	480.656	46.428	3.550	-	238.000	91
2016	79.923	2.483	473.144	44.728	68.522	834	3.548	-	246.223	95
2017	80.895	2.304	458.634	43.655	64.679	770	3.567	-	220.460	109
2018	81.385	2.276	432.023	41.710	3.323	-	253.763	85

Heimild: Hagstofa Íslands

Fjöldi nautgripa hefur ekki sveiflast mikið í landshlutanum á þessum árum en er nú sambærilegur því sem var árið 1998. Sveiflurnar hafa þó verið í takt við sveiflur í fjölda dýra á landsvísu og hefur hlutfall nautgripa á Vestfjörðum verið um 3% af heildarfjölda á landinu. Fjöldi sauðfjár hélt nokkuð stöðugur frá 1998-2014 er nú tæplega 42 þúsund dýr í landshlutanum. Samdráttur hefur verið síðan 2014. Heildarfjöldi sauðfjár á landsvísu hefur einnig dregist saman í takt við erfiða afkomu í greininni og hefur fjöldinn á Vestfjörðum haldist um 10% af heildarfjölda sauðfjár á landinu.

7.3 Fjöldi búa

Fjöldi sauðfjár- og kúabúa á Vestfjörðum hefur dregist saman undanfarin ár. Árið 2017 voru 112 sauðfjárbú og 14 kúabú á Vestfjörðum. Fjöldi búa á landsvísu hefur einnig verið að dragast saman og hafa Vestfirðir haldið nokkurn veginn sama hlutfalli búa á sínu svæði eða 8-9% allra sauðfjárbúa og 2-3% kúabúa á landinu. Fjölda búa og þróun þeirra má sjá nánar á meðfylgjandi töflu.


Tafla 13 Fjöldi búa á Vestfjörðum og á landinu öllu 2009-2017

	Ártal	2009	2011	2013	2015	2017
Sauðfjárbú	Alls	1.688	1.670	1.686	1.558	1.441
	Vestfirðir	147	143	146	129	112
	Hlutfall	9%	9%	9%	8%	8%
Kúabú	Alls	695	681	676	653	614
	Vestfirðir	20	19	18	17	14
	Hlutfall	3%	3%	3%	3%	2%

Heimild: Hagstofa Íslands

7.4 Greiðslumark


Stuðningsgreiðslur í landbúnaði eru tengdar greiðslumarki í búvöru- og búnaðarlögum. Heildargreiðslumark sauðfjár á landinu eru 363.455 ærgildi. Skiptingu greiðslumarksins niður á sveitarfélög má sjá á myndinni hérna fyrir neðan.



Mynd 53 Greiðslumark sauðfjár á Íslandi 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


Hlutfall greiðslumarks sauðfjár á Vestfjörðum var 9% af greiðslumarki alls landsins árið 2018. Það er sama hlutfall og árið 2013. Þar vegur hlutur Strandabyggðar, Reykhólahrepps og Ísafjarðarbæjar mest. Skipting greiðslumarks sauðfjár í landshlutanum er sýnd á meðfylgjandi mynd.



Mynd 54 Greiðslumark sauðfjár á Vestfjörðum 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


Heildargreiðslumark mjólkur á landinu öllu er 145 milljón lítrar. Skiptingunni niður á sveitarfélög má sjá á myndinni hér fyrir neðan.



Mynd 55 Greiðslumark mjólkur á Íslandi 2018


Heimild: Hagstofa Íslands

Hlutfall greiðslumarks mjólkur á Vestfjörðum var 2% af heildargreiðslumarki landsins árið 2018. Það er sama hlutfall og árið 2013. Þar vegur hlutur Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar mest. Skipting greiðslumarks mjólkur í landshlutanum er sýnd á meðfylgjandi mynd.



Mynd 56 Greiðslumark mjólkur á Vestfirðum 2018

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 57 Mjólkurstöðvar og sláturhús á Vestfirðum 2019

Heimild: Matvælastofnun


7.5 Mjólkurstöðvar og sláturhús

Starfsemi sláturhúsa og mjólkurstöðva er nauðsynleg fyrir framleiðslu landbúnaðarafurða. Matvælastofnun veitir sláturhúsum og mjólkurstöðvum starfsleyfi að undangenginni úttekt. Á meðfylgjandi korti er hægt að sjá dreifingu þessarar þjónustu um landið. Á landinu öllu eru 10 sláturhús og 12 mjólkurstöðvar skv. skráningu Matvælastofnunar. Á Vestfirðum er ein mjólkurstöð, Arna í Bolungarvík en ekkert sláturhús er á svæðinu.

8. Sjávarútvegur

8.1 Fiskveiðar

Í fyrri stöðugreiningum voru upplýsingar um afla settar fram miðað við heimahöfn skipa. Hér er valið að miða annars vegar við löndunarhafnir og í einnig í nokkrum tilvikum er afli sýndur miðað við verkunarhafnir. Að höfðu samráði við Hagstofu Íslands hefur þessu verið breytt vegna þess að með breytingum á eignarhaldi útgerða er talið að heimahafnir skipa gefi í mörgum tilvikum takmarkaðri upplýsingar um umsvif á einstökum útgerðarstöðum. Þar með er ekki sagt að einhver ein skráning afla gefi algjörlega rétta mynd af umsvifunum.



Mynd 58 Afli í öðrum tegundum en uppsjávarfiski á helstu löndunarhöfnum á Vestfjörðum

Heimild: Hagstofa Íslands


Tafla 14 Landaður afli í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir höfnum á Vestfjörðum

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Patreksfjörður	7.080	6.082	5.947	4.855	5.761	6.432	6.435	6.958	6.260	6.758	6.578	6.680
Tálknafjörður	2.733	3.057	3.564	2.733	2.531	1.809	2.664	2.837	1.830	1.505	1.621	1.617
Bildudalur	390	1.508	1.804	837	792	1.196	361	386	224	319	335	255
Þingeyri	154	1.367	1.562	1.595	2.366	2.328	4.174	1.956	627	1.448	936	1.482
Flateyri	4.690	954	938	667	1.026	1.649	2.223	2.286	1.456	2.579	1.417	1.906
Súðavík	772	807	757	912	1.005	1.010	369	793	656	655	584	505
Bolungarvík	8.988	9.443	11.445	12.581	14.088	15.251	16.146	13.671	15.572	19.559	18.869	21.221
Ísafjörður	12.847	13.541	15.761	13.194	11.857	15.480	21.779	18.944	22.604	19.757	21.375	19.773
Suðureyri	4.044	3.341	3.701	3.498	2.184	2.162	2.407	2.871	3.218	3.597	3.815	3.253
Norðurfjörður	105	19	62	102	262	530	478	316	386	576	445	348
Drangsnæs	1.092	1.135	712	895	1.246	1.420	1.217	1.333	1.405	1.563	1.219	1.550
Hólmavík	905	1.113	980	1.818	1.505	1.889	1.876	1.482	1.261	1.462	1.118	1.523

Heimild: Hagstofa Íslands


Mynd 58 sýnir afla í öðrum tegundum en uppsjávarfiski á helstu löndunarhöfnum á Vestfjörðum á árunum 2007-2018 og tafla 14 sýnir afla fyrir þessar hafnir og nokkrar minni löndunarhafnir. Mestum afla var landað á Ísafirði og í Bolungarvík og hefur landaður afli farið vaxandi í þessum höfnum. Annars staðar er afli fremur lítil og ekki miklar sveiflur í aflamagni.

Mynd 59 sýnir ráðstöfun afla í öðrum tegundum en uppsjávarfiski fyrir allar hafnir á Vestfjörðum. Afli sem er verkaður í landshlutanum hefur aukist allt frá árinu 2007. Langmest af afla á Vestfjörðum er nú verkaður á svæðinu eða annars staðar á Íslandi en hlutdeild afla af frystiskipum hefur verið nokkuð stöðug. Nánast enginn gámafiskur hefur verið á Vestfjörðum frá árinu 2009.



Mynd 59 Ráðstöfun afla á Vestfirðum

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 60 Afli í uppsjávartegundum á Vestfirðum

Heimild: Hagstofa Íslands

8.2 Uppsjávarafli

Veiði og verkun uppsjávartegunda er nánast engin á Vestfirðum en á þessu tímabili var lítils háttar veiði af makríl. Hann var mestur á Hólmavík og á Ísafirði en um óverulegt magn er þó að ræða.




Mynd 61 Ráðstöfun uppsjávarafli á Vestfirðum

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 61 sýnir skiptingu afla sem er verkaður á Vestfjörðum og annars staðar á Íslandi og þess sem er landað unnið. Hér er um lítið magn af makríl að ræða sem ýmist er verkaður innanlands eða honum er landað unnum.

8.3 Úthlutaðar aflaheimildir




Mynd 62 Úthlutaðar aflaheimildir á Vestfjörðum

Heimild: Fiskistofa

Mynd 62 sýnir úthlutaðar aflaheimildir á Vestfjörðum fyrir helstu tegundir botnfiska. Aflaheimildir í þorski og ufsa hafa vaxið lítillega sem og heildaraflamagn ef lítið er á tímabilið allt.

Mynd 63 sýnir úthlutaðar aflaheimildir eftir stöðum án uppsjávartegunda. Aflaheimildir eru svipaðar yfir tímabilið í heild ef undan eru skildir þrír til fjórir staðir. Bolungarvík er reyndar nokkuð stöðug fyrir tímabilið í heild, en en Ísafjörður og Hnífsdalur taka sveiflur upp og niður, sem hugsanlega stafa af því hvar kvótinn er skráður. Þá hefur kvóti minnkað á Þingeyri frá fyrsta ári en verið nokkuð stöðugur eftir 2008.



Mynd 63 Úthlutað þorskígildi m. v. heimahöfn skipa á Vestfjörðum eftir stöðum án uppsjávartegunda

Heimild: Fiskistofa

9. Stoðkerfi

9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar

Landshlutasamtök sveitarfélaga ásamt atvinnuþróunarfélögum hafa gengt mikilvægu hlutverki við að koma stefnu ríkisins í byggðamálum í framkvæmd á landshlutasavísu. Í gildi eru samningar á milli Byggðastofnunar og átta landshlutasamtaka eða atvinnuþróunarfélaga um atvinnu- og byggðaðróun sem fjármagnað er af fjárlagalið Byggðastofnunar.

Samningur Byggðastofnunar og Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) nær til starfssvæðis FV, níu sveitarfélaga sem aðild eiga að FV, og hefur gildistíma frá 2018 til ársloka 2022. Samkvæmt samningi fékk FV greiddar 42 m.kr. árið 2018 og fær samtals 4,2,7 m.kr. árið 2019.

Forsendur samningsins eru *lög um Byggðastofnun nr.106/1999 með síðari breytingum og reglugerð um Byggðastofnun nr.347/2000*, stefnumótandi byggðaáætlun og Sóknaráætlun landshlutans.

Markmið samningsins er:

- Að skapa grundvöll um samstarf við byggðaðróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfi, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði félagsins m.a. í samræmi við Sóknaráætlun landshlutans.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðaðróunar milli samningsaðila.

Samkvæmt samningnum er hlutverk FV m.a. að vinna að eftirtöldum verkefnum:

- Atvinnu- og byggðaðróun
- Atvinnuráðgjöf
- Nýsköpun
- Búsetuþættir
- Upplýsingaöflun
- Endurmenntun, samstarf o.fl.

Hlutverk Byggðastofnunar í samningunum er eins við öll landshlutasamtök og atvinnuþróunarfélög. Felst hlutverkið m.a. í faglegri aðstoð, samræmingu og

miðlun upplýsinga til allra samningsaðila og samstarfi við aðrar stofnanir í stoðkerfi atvinnu- og byggðaðróunar. Þá hefur Byggðastofnun umsjón með sameiginlegum fundum og veitir eftir atvikum aðstoð við skipulag annarra funda, ráðstefna, og náms- og kynnisferða starfsmanna landshlutaskrifstofa og atvinnuþróunarfélaganna. Einnig þróar Byggðastofnun og leitast við að halda úti gagnagrunni á sviði byggðamála sem félögin hafa aðgang að.


Fyrir 15. desember ár hvert skilar FV til Byggðastofnunar starfsáætlun fyrir næstkomandi ár þar sem samþætta skal áherslur félagsins við markmiðasetningu og árangursmat. Í áætluninni skal gerð grein fyrir settum markmiðum, hvernig þau verði metin á næstkomandi ári og með hvaða hætti gert er ráð fyrir að vinna að þeim á árinu, þ.m.t. starfsmannahaldi og ráðstöfun fjármuna sem til starfseminnar renna. Þá skal FV skila fyrir lok maímánaðar ár hvert ársreikningi fyrir næstliðið ár og skýrslu um starfsemi félagsins á næstliðnu ári þar sem fram koma frávik frá starfsáætlun ef einhver voru. Í árskýrslu skal koma fram mat á árangri samanber sett markmið í starfsáætlun næstliðins árs.

FV fól Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða samningin til framkvæmdar með sérstöku samningi á milli þessara félaga með sama gildistíma og samningur FV og Byggðastofnunar. Vestfjarðastofa, sjálfseignarstofnun sem stofnuð var 1. desember 2017, tók við verkefnum sem Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfirðinga sinntu áður. Undir Vestfjarðastofu heyrir einnig Markaðsstofa Vestfjarða og menningarfulltrúi Vestfjarða en sjá má skipurit Vestfjarðastofu á mynd 9.1.1. Starfsstöðvar Vestfjarðastofu eru á Ísafirði, Patreksfirði, Hólmavík og Þingeyri.

Tilgangur Vestfjarðastofu er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðaðróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í viðum skilningi. Á grundvelli samningsins býður Vestfjarðastofa meðal annars upp á ráðgjafþjónustu á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Markmið Vestfjarðastofu er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum, stuðla að velferði íbúa og styrkja Vestfirði sem búsetukost og áfangastað ferðamanna. Markmiði

sínu hyggst Vestfjarðastofa ná með öfluglu samstarfi atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkisvalds og stoðkerfis hins opinbera.



Mynd 64 Skipurit Vestfjarðastofu

9.2 Sóknaráætlun

Sóknaráætlanir landshluta eru þróunaráætlanir þar sem hver landshluti sameinast um framtíðarsýn, setur sér markmið og velur leiðir til að áætlunin nái fram að ganga. Markmið sóknaráætlana er að ráðstafa fjármunum, sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði atvinnu-, byggða- og menningarmála, samkvæmt svæðisbundnum áherslum í sóknaráætlun landshlutans til samræmis við gildandi byggðaáætlun hverju sinni. Sóknaráætlanir byggja á lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlanir og sóknaráætlanir.¹³

Samningar um sóknaráætlanir landshluta voru undirritaðir af ráðherra sjávarútvegs og landbúnaðar, ráðherra mennta- og menningarmála og

formönnum landshlutasamtaka sveitarfélaga í byrjun árs 2015 og gilda þeir til ársloka 2019. Markmið með sóknaráætlunarsamningum er að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningarlífs og auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu þeirra opinberu fjármuna sem til þeirra er varið. Við gerð þessara samninga runnu saman vaxtarsamningar og menningarsamningar.

Með sóknaráætlunum er fé veitt til tveggja mismunandi þátta, áhersluverkefna og uppbyggingarsjóða. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem stjórnir landshlutasamtaka gera tillögur um og hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar og áherslna samráðsvettvangs landshlutans. Uppbyggingarsjóðirnir eru samkeppnissjóðir sem hafa það hlutverk að styrkja menningar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að sóknaráætlunum landshlutanna. Landshlutasamtökin annast umsýslu þeirra og auglýsa eftir umsóknum um styrki í það minnsta árlega. Þau skipa einnig úthlutunarnefnd.

Samkvæmt þriðju grein samninga um sóknaráætlanir landshluta skal marka stefnu í þessum málaflokkum:

- Menningarmálum
- Nýsköpun og atvinnuþróun
- Uppbyggingu mannauðs
- Lýðfræðilegri þróun svæðisins

Sóknaráætlun skal byggja á a.m.k. þremur stoðum:

- Greiningu á stöðu svæðisins
- Stefnumótandi áherslum samráðsvettvangs í landshlutanum
- Svæðisskipulagi, þar sem það liggur fyrir.

Skipa á samráðsvettvang þar sem tryggt er breið aðkoma úr samfélaginu og gæta skal aldurs- og kynjasjónarmiða. Samráðsvettvangurinn á að hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar og koma saman í það minnsta árlega.

¹³ www.althingi.is/lagas/nuna/2015069.html

Sóknaráætlun Vestfjarða¹⁴ byggir á samningi milli Fjórðungssambands Vestfirðinga við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti um sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 frá 10. febrúar 2015.¹⁵ Þar er m.a. kveðið á um að til sóknaráætlunarinnar renni 89,5 m.kr. frá áðurnefndum ráðuneytum á ári á tímabilinu. Frá sveitarfélögum á Vestfjörðum renna árlega 7,9 m.kr. til samningsins.

Í sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 er ítarlega fjallað um þessa fjóra málaflokka:

- Nýsköpun og atvinnuþróun
- Menning
- Mannauður og menntun
- Lýðfræði og þróun mannauðs

Settar eru fram nokkrar stefnumótandi áherslur í tengslum við þessar yfirskriftir. Í sóknaráætluninni er einnig fjallað um fimm helstu úrlausnarefni í byggðamálum á Vestfjörðum, sem snerta óhagstæða mannfjöldapróun, lágt menntunarstig, fábreytni í atvinnulífi, of lítið þjónustuframboð og aðstöðumun gagnvart aðgengi að þjónustu, öryggi og kostnað við ýmsa opinbera þjónustu, t.d. varðandi samgöngur og fjarskipti.

Alls hafa runnið tæpar 512,8 m.kr. til sóknaráætlunar Vestfjarða árin 2015-2018.¹⁶ Þar af hefur ríkið lagt fram rúmar 468 m.kr., sveitarfélög á Vestfjörðum hafa lagt fram rúmar 31,6 m.kr og önnur framlög námu rúmum 13 m.kr.

Á tímabilinu 2015-2018 hafa verið samþykkt 44 áhersluverkefni á Vestfjörðum. Frá sóknaráætlun hafa runnið rúmar 149,5 m.kr. til þessara 44 áhersluverkefna á Vestfjörðum á tímabilinu. Á sama tímabili voru samþykktir styrkir úr uppbyggingarsjóði til 259 verkefna að heildarstyrkjárhæð rúmar 285,1 m.kr.

¹⁴ Sóknaráætlun Vestfjarða:

www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13d8f481-b1ed-11e9-9446-005056bc4d74

¹⁵ www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7083c4aa-b1f1-11e9-9446-005056bc4d74

Fjöldi fulltrúa í samráðsvettvangi á Vestfjörðum var 45 allt tímabilið. Á Vestfjörðum var enginn fulltrúi undir 25 ára árin 2016-2018.

Þann 12. nóvember 2019 undirrituðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúar landshlutasamtaka sveitarfélaga nýja samninga um sóknaráætlanir fyrir hvern landshluta. Samningarnir gilda til fimm ára, eða fyrir tímabilið 2020-2024.

Vestfirðir hafa mótað sér fjögur meginmarkmið í nýrri sóknaráætlun 2020-2024¹⁷ en þau eru:

- **Atvinna og nýsköpun:** Fjölga fyrirtækjum, störfum og vel menntuðu starfsfólki og auka þannig verðmætasköpun í landshlutanum.
- **Samfélag:** Hækka menntunarstig með aðgengi að hágæða menntun, auka velferð, bæta lýðheilsu og efla þannig mannauð og atvinnulíf.
- **Umhverfi og skipulag:** Auka umhverfisvitund íbúa, sveitarfélaga og fyrirtækja, bæta aðgengi að sjálfbærum lausnum og draga úr sóun.
- **Menning:** Á vestfjörðum blómstri menning sem er studd af öflugum fyrirtækjum og sveitarfélögum. Þar sé auðugt listalíf, viðburðir og framúrskarandi aðstaða til útiveru.

¹⁶ Tölur gilda til og með ársins 2018 þar sem tölur fyrir 2019 liggja ekki fyrir.

¹⁷ https://www.vestfiridir.is/static/files/Soknaraetlun/veftjardastofa_soknaraetlun-2020-2024.pdf